



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## 138 fundur stjórnar SSV

### FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 13 júní 2018 kl.10.00 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi

Mætt voru; Raket Óskarsdóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Björn Hilmarsson, Hilmar Hallvarðsson, Árni Hjörleifsson, Eyþór Garðarsson, Eggert Kjartansson, Ingveldur Guðmundsdóttir, Guðveig Eyglóardóttir, Hulda Hrönn Sigurðardóttir og Gunnhildur Björnsdóttir. Stefán Ármannsson boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri og Hrefna B. Jónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Raket Óskarsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 10.00

#### 1. Framlögð fundargerð frá 137 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 137. fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Fundurinn staðfesti fundargerðina.

#### 2. Almenningsamgöngur.

Lagt fram yfirlit yfir rekstur verkefnisins fyrstu fimm mánuði ársins og rætt um framhald þess. Rekstrarhalli á fyrstu fimm mánuðum ársins 2018 er 7,5 m.kr. þrátt fyrir 9 m.kr. aukaframlag Vegagerðarinnar til að mæta tapi ársins á undan, en framlagið er tekjufært innan þess tímabils sem um er rætt.

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur til hagræðingu í rekstri haustið 2018, en nauðsynlegt er að ráðast í hagræðingu til að ná jafnvægi í reksturinn. Framkvæmdastjóri fékk heimild stjórnar til að vinna áfram að þessum tillögu sem felast í breytingum á leið 57 og 59.

Loks var lagt fram minnisblað um samskipti landshlutasamtakanna við stjórnvöld um uppgjör á verkefninu og forsendur varðandi mögulegt framhald þess. Þar kom fram að ákveðið hefur verið að gera úttekt á skipulagi og framkvæmd á rekstri „Strætó á landsbyggðinni“ og hefur KPMG þegar hafið þá vinnu. Fulltrúar landshlutasamtakanna mun eiga fund með fulltrúum samgönguráðuneytis og Vegagerðarinnar fyrir mánaðarmótin þar sem framhald þessa verkefnis mun skýrast.

#### 3. Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Lögð fram tillaga að launakjörum fyrir fagrúð og stjórn uppbyggingarsjóðs.

Framkvæmdastjóri fór yfir launakjör fagrúðs og úthlutunarnefndar uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Hann lagði fram þá tillögu að greitt yrði fyrir hverja umsókn sem lesa þarf yfir og yrði þannig:

„Fagráð fengi greitt 700 kr. pr. umsókn og úthlutunarnefnd fengi greitt 350 kr. pr. umsókn. Framkvæmdastjóri sagði að fyrirmynd þessarar tillögu vera komna frá Eyþingi, en um mikla vinnu er að ræða þegar verið er að fara yfir umsóknir.

Reglur um greiðslu pr. fund og ferðakostnað mun standa eins og verið hefur.

Tillaga var samþykkt.

Rætt um fyrirkomulag úthlutunarhátíðar og þeirri tillögu beint til skipuleggjenda að verkefni séu að kynnt betur þegar úthlutun fer fram.

Loks kynnti framkvæmdastjóri drög að bréfi sem verður sent til þeirra umsækjenda sem óska eftir skýringum frá sjóðnum varðandi úthlutun. Stjórn gerði ekki athugasemdir við uppbyggingu bréfsins.

#### **4. Sóknaráætlun Vesturlands**

Farið yfir stöðuna á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands 2018 sem öll eru í vinnslu, en þau eru:

- Nýsköpun og frumkvöðlar
- Matarauður Vesturlands
- Efling ferðaþjónustu
- Innviðir á Vesturlandi
- Menningarstarf

Tvö eldri verkefni eru í gangi, ungmennaping Vesturlands sem verður haldið á Laugum í Sælingsdal 2 og 3 nóvember n.k. og „Samtal skapandi greina og atvinnulífs“ en fyrirhugað er að halda ráðstefnu á Akranesi á haustdögum um þema þessa verkefnis.

#### **5. Haustþing SSV 2018**

Lögð fram tillaga að dagskrá fyrir Haustþing SSV 2018 sem fer fram á Hótel Bifröst dagana 20 og 21 september n.k. Þema þingsins verða velferðarmál.

Tillaga að þema þingsins var samþykkt og starfsfólki SSV falið að vinna áfram að undirbúningi dagskrár.

#### **6. Starfsreglur stjórnar og mannauðsstefna SSV**

Rætt um gerð starfsreglna stjórnar og mannauðsstefnu fyrir SSV. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að leggja fram drög á fundi stjórnar 29. ágúst n.k.

#### **7. Vesturlandsstofa**

Á aðalfundi Vesturlandsstofu sem fór fram 18 apríl s.l. var samþykkt að fresta kosningu þriggja manna stjórnar fram að stjórnarfundi SSV þann 13 júní. Rætt um tillögur að stjórn Vesturlandsstofu en tillaga er um fjölgun stjórnarmanna úr einum í þrjá. Stjórn samþykkti að skipa eftirtalda aðila í stjórn:

- Páll S. Brynjarsson
- Sædís Alexía Sigmundsdóttir
- Ægir Þór Þórsson

Guðveig ræddi stöðu Ferðamálsamtaka Vesturlands. Henni er falið sem stjórnarmanni að óska eftir fundi í stjórn samtakanna.

## **8. Starfsmannamál**

Lögð fram tillaga að starfslýsingu fyrir starf verkefnisstjóra hjá SSV sem kæmi í stað starfs skrifstofustjóra. Stjórn samþykkt starfslýsinguna og fól framkvæmdastjóra að auglýsa starfið í samráði við ráðningarstofu.

## **9. Velferðarstefna Vesturlands.**

Framkvæmdastjóri sagði frá vinnu að velferðarstefnu Vesturlands. Ráðin hefur verið sumarstarfsmaður við að vinna að verkefninu auk þess sem öflugur faghópur vinnur með í verkefninu.

## **10. Umsagnir um þingmál**

Framkvæmdastjóri sagði frá vinnu á vettvangi SSV varðandi umsagnir um þingmál. Formaður fór yfir þá umræðu sem varð á sumarfundi landshlutasamtaka þar sem rætt var um stuttan tíma sem nefndarsvið Alþingis gefur til að vinna umsagnir. Hann fór sérstaklega yfir umsögn um fjármálaáætlun þar sem aðeins voru gefnir fjórir virkir dagar til að vinna umsögn.

„Stjórn SSV lýsir yfir miklu vonbrigðum með þann þann stutta tíma sem gefinn var til umsagnar um fjármálaáætlun. Því hvetur stjórn SSV Alþingi til þess að gefa umsagnaraðilum lengri frest til þess að veita umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktanir. „

Þá var framkvæmdastjóra falið að senda fyrirspurn til Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi hvernig staðið sé að vinnu við áhrif lagafrumvarpa á rekstrarkostnað sveitarfélaga.

## **11. Veiðileyfagjöld**

Að frumkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga ákváðu landshlutasamtökin í Norðvesturkjördæmi að leita til ráðgjafafyrirtækisins Deloitte um að vinna skýrslu um áhrif veiðileyfagjalda á lítil og meðalstór fyrirtæki í kjördæminu. Þessi skýrsla er í vinnslu og er stefnt að því að ljúka vinnu við hana á næstu dögum.

Undir þessum dagskrárlið var vakið máls á laxveiði í ám á Vesturlandi og áhrif laxeldis í sjókvíum á hinn náttúrulega íslenska lax. Framkvæmdastjóra falið að leita til Veiðimálastofnunar varðandi gögn og rannsóknir um þetta.

## **12. Lögreglusamþykkt fyrir Vesturland**

Framlögð drög að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Vesturland sem unnin var af lögreglustjóraembættinu á Vesturlandi.

Stjórn SSV fagnar þeirri vinnu sem unnin var af embætti lögreglunar á Vesturlandi og felur framkvæmdastjóra SSV að fara yfir drögin með hliðssjón af þeirri umræðu sem orðið hefur um lögreglusamþykkt sem stjórnþæki varðandi aukningu ferðamanna á Vesturlandi.

## **13. Framlögð mál**

- a. Yfirlit um fundi sem framkvæmdastjóri hefur sótt

Lagt fram.

b. Sumarfundur landshlutasamtaka

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund landshlutasamtakanna, sem haldinn var í Hvalfirði, dagana 6. og 7. júní sl. Formaður sagði frá fundinum.

c. Ályktun bæjarstjórnar Akraness um Sundabraut og Vesturlandsveg á Kjalarnesi,

Formaður kynnti ályktanir um samgöngumál frá fundi bæjarstjórnar Akraness nr. 1276 þann 12. Júní s.l. um Sundabraut og Vesturlandsveg á Kjalarnesi. Stjórn SSV tekur undir umræddar ályktanir bæjarstjórnar Akraness enda hefur ítrekað verið ályktað um þær á þingum SSV og í Samgönguáætlun Vesturlands kemur skýrt fram að sveitarfélögin á Vesturlandi líta á þessar framkvæmdir sem einhverjar mikilvægustu samgöngubætur sem hægt er að fara í með hliðsjón af hagsmunum Vestlendinga. Hagsmunir Vestlendinga eru ríkir, en þessar framkvæmdir þjóna einnig íbúum á landinu öllu.

Stjórn SSV ályktar eftirfarandi um Sundabraut

*„Stjórn SSV skorar á Vegagerðina og Reykjavíkurborg að hefja án tafar undirbúning að lagningu Sundabrautar, sem bætir umferð til og frá höfuðborginni og eykur umferðar- og almannaoöryggi. Því fyrr sem raunhæfur undirbúningur verkefnisins hefst eru líkur á að framkvæmdir geti farið af stað innan fárra ára. Þetta verkefni þolir enga bið“*

Stjórn SSV ályktar eftirfarandi um Vesturlandsveg á Kjalarnesi

*„Það er löngu ljóst að ástand Vesturlandsvegur um Kjalarnes er með öllu óásættanlegt og öryggi vegfarenda er teflt í hættu. Umferð vex hratt og á sama tíma verður ástand vegarins sífellt verra. Því ríður á að nú þegar verði farið í lagfæringar á veginum til að bæta slæmt ástand hans. Nú liggur fyrir að skipulagsvinnu við tvöföldun vegarins er að ljúka og því krefst stjórn SSV þess að strax í haust hefjist framkvæmdir við tvöföldun vegarins að fullum krafti og þeim verði lokið á allra næstu árum“*

